

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 13 (25. og 26. kennslustund)


Vogaskóli, 11. nóvember 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

Kláruðum farartækin nútímamannsins og bárum þau saman við farartæki landnámsmannsins. Hver stjórnar og notar bifreiðar og flugvélar? Hafa kynin jafna möguleika á t.d.atvinnu tengda farartækjunum?



Börnin ræddu um muninn á farartækjum landnáms- og nútímamanns. Það var ákaflega fróðlegt að ræða hlutverk kynjanna. Börnin eru sannfærð um að allir hafi sömu möguleika á því að stjórna og nota farartæki nútímamannsins. Börnin bjuggu til fjölskyldur að ferðast með bifreið og flugvél. Þau gerðu konur, karla og börn.



Umræðupunktur frá börnunum:

- Konur geta verið flugmenn, bílstjórar og farþegar
- Konur fara sjálfar út í búð, þær keyra sjálfar
- Konur keyra karlana sína stundum í vinnuna
- Konur kenna unglíngum að aka bifreið
- Karlar eru heima á meðan konur ferðast á milli landa
- Konur eru flugfreyjur
- Karlar eru flugfreyjur
- Fjölskyldan fer öll saman í ferðalag
- Fjölskyldan fer öll saman í flugvél
- Fjölskyldan fer öll saman í bíltúr þegar hún er búin að ganga frá heima
- Allir geta gert það sem þeir vilja

